



# Ársskýrsla 2025



Fláajökull, mynd HHR

# Nýheimar þekkingarsetur

## Ársskýrsla 2025

<b>Ritstjóri:</b>	Hugrún Harpa Reynisdóttir
<b>Texti:</b>	Hugrún Harpa Reynisdóttir Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir
<b>Umbrot:</b>	Eva Bjarnadóttir
<b>Ljósmyndir:</b>	Eyrún Fríða Árnadóttir Hugrún Harpa Reynisdóttir Nejra Mesetovic Tim Junge Þorsteinn Roy Jóhannsson
<b>Forsíðumynd:</b>	Engjarós, mynd Hugrún Harpa Reynisdóttir
<b>Prófarkarlestur:</b>	Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir
<b>Útgefandi:</b>	Nýheimar þekkingarsetur Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði Sími: 470 8088 Útgáfa: mars 2026

# Efnisyfirlit

Formáli forstöðumanns .....	1
Skýrsla stjórnar .....	3
Starfsemi Nýheima þekkingarseturs .....	4
Starfsfólk .....	6
Verkefni ársins 2025 .....	7
Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema .....	7
Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf .....	8
Stoðir Nýheima .....	9
Nýsköpun .....	9
Menntun .....	11
Rannsóknir .....	12
Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni .....	13
HeimaHöfn .....	13
Vinna með ungmendum .....	14
Miðlun .....	17
Málþing .....	17
Handbók .....	19
Erindi á Byggðaráðstefnu .....	19
Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna .....	19
Framtíðaráform .....	19
Samfélagið okkar – Ungt fólk í Hornafirði .....	20
Þjónustuverkefni Sveitarfélagsins Hornafjarðar .....	21
Byggða- og nýsköpunarfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar .....	21
Hornafjörður náttúrulega .....	22
Samtök þekkingarsetra .....	23
Mat á áhrifum siglinga á Jökulsárlóni .....	23
Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið .....	23
Erlend samstarfsverkefni .....	24
Future in Focus: Empowering Youth in Rural Communities .....	24
EPALE Community Conference 2025 .....	25
Fjárhagur .....	26



Hugrún Harpa, forstöðumaður setursins, mynd PRJ

## Formáli forstöðumanns

Tólfta starfsári Nýheima þekkingarseturs er lokið og eins og undanfarin ár var árið 2025 annasamt og verkefnið mörg og fjölbreytt. Setrið hefur víðtækt hlutverk sem hverfist um stoðir þess: menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknir. Það er því fátt sem er setrinu óviðkomandi enda hefur það jafnframt skýrt hlutverk gagnvart samfélaginu og er ætlað að styðja við þróun byggðarinnar og lífsgæði íbúa.

Nýheimar þekkingarsetur er í hópi sjö þekkingarsetra á landsbyggðinni sem sinna samningsbundnu hlutverki fyrir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið á sviði rannsókna, háskólanámsþjónustu og nýsköpunar. Samningar þessir kveða skýrt á um hlutverk og skyldur setranna og fela þeim mikilvægt hlutverk í stoðkerfi landsbyggðarinnar. Fyrir þá sem ekki þekkja til starfsemi setranna kunna hlutverk og viðfangsefni þeirra að virðast óljós. Þess vegna langar mig í þessum formála að beina sjónum að hlutverkum og skyldum þekkingarsetra og gildi starfsemi þeirra fyrir landsbyggðarsamfélög okkar.

Meginmarkmið með starfsemi setranna samkvæmt samningum er þrjúþætt:

- Hækkun menntunarstigs á starfssvæðunum
- Efling nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs
- Efling rannsóknastarfs og stuðningur við rannsakendur

Hlutverk og skyldur setranna varðandi þessi þrjú markmið eru afar skýr. Hvað varðar háskólanám skulu setrin vera tengiliðir háskóla inn á svæðin, veita háskóla- og fjarnámsþjónustu og skapa nemendum aðstöðu til náms og próftöku. Þá skulu þau hvetja til náms, miðla tækifærum til menntunar og leiðbeina þeim sem stefna á háskólanám. Á sviði nýsköpunar eru setrin leiðandi afl í mótun nýsköpunarumhverfis á sínum svæðum. Þau veita frumkvöðlum aðstöðu, ráðgjöf og tengslanet, standa fyrir viðburðum og miðla upplýsingum um stuðningsúrræði. Á sviði rannsókna veita setrin fræðafólki og nemendum sem stunda rannsóknir á svæðinu aðstöðu og stuðning. Jafnframt ber þeim að miðla upplýsingum um möguleg rannsókn verkefni og hvetja til þátttöku fyrirtækja, stofnana og einstaklinga í rannsóknum. Auk þess að miðla tækifærum í innlendum og erlendum samkeppnissjóðum.

Þó skilgreining á hlutverkum setranna feli í sér afmörkuð og aðgreind verkefni á sviði menntunar, nýsköpunar og rannsókna þá mynda verkefnið jafnframt heildstætt framlag til uppbyggingar á starfssvæðum setranna. Gildi þeirra felst því ekki eingöngu í þeirri þjónustu sem þau veita heldur


hafa þau einnig viðtæk, bein og óbein áhrif á samfélögin sem þau starfa í. Sem dæmi má nefna að með því að stuðla að tækifærum til háskólanáms í heimabyggð og veita íbúum stuðning í námi styrkja setrin mannauð svæðanna. Um leið styðja þau við frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja með markvissum stuðningi við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Auk þess leggja setrin grunn að öflugu þekkingarsamfélagi á sínum svæðum með stuðningi við rannsóknir og svæðisbundna þekkingu.

Áhersla Nýheimar þekkingarseturs á eflingu byggðar á Suðausturlandi er staðfest í skipulagsskrásetursins. Undir þá skipulagsskrá skrifa aðildarstofnanir setursins sem saman mynda öflugt þekkingarsamfélag í sveitarfélaginu. Öflugar þekkingarstofnanir hafa skapað störf fyrir háskólamenntaða einstaklinga í byggðum landsins og þannig aukið fjölbreytileika atvinnulífs á svæðunum. Þegar ég sjálf var á þeim tímamótum að ljúka háskólanámi og búsett á svæðinu, leiddi ég hugann að því hversu lengi ég mundi búa hér án þess að fá starf þar sem ég gæti nýtt menntun mína. Ég hafði sjálf sett mér ákveðin tímamörk í þessu samhengi þegar ég var svo lánsöm að fá starf verkefnastjóra hjá setrinu. Það hefur því alltaf staðið mér nærri að halda á lofti þessu framlagi þekkingarsetra til byggðapróunar. Með öflugu samstarfi setursins og Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur okkur tekist að treysta betur grunnfjármögnun Nýheima þekkingarseturs og fjölga stöðugildum við setrið. Það er ekki eingöngu mikilvægt fyrir starfsemi setursins, sem eflist til muna með fjölgun stöðugilda, heldur er það um leið mikilvægur stuðningur við þróun byggðar.

Fjölbreytt verkefni setursins eiga það sameiginlegt að grundvallast á markmiðum þess um eflingu byggðar og samfélags á Suðausturlandi með áherslu á menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknir. Okkar stærsta byggðapróunarverkefni fram til þessa er þó án efa verkefnið HeimaHöfn. Nánar má lesa um verkefnið í skýrslunni en mig langar hér að þakka öllum þeim sem hafa unnið að verkefninu með okkur. HeimaHöfn er samfélagslegt verkefni og er stuðningur og þátttaka samfélagsins í heild forsenda þess að markmiðum HeimaHafnar verði náð. Ég vil því þakka ungmönnum okkar, starfsfólki Grunnskóla Hornafjarðar, starfsfólki Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum fyrir samstarfið. Við hlökkum til að láta HeimaHöfn, sem og önnur verkefni setursins, dafna í okkar góða og öfluga samfélagi.

*Hugrún H. Reynis*

Hugrún Harpa Reynisdóttir  
Forstöðumaður, 2. mars 2026



## Skýrsla stjórnar

Nýheimar þekkingarsetur var stofnað til að efla samstarf aðila er starfa á sviði menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna á Suðausturlandi. Aðildarstofnanir setursins hafa átt í góðu samstarfi í þverfaglegum verkefnum og samstarfshópum og mynda þær öfluga einingu með víðtæka þekkingu og reynslu.

Aðildarstofnanir setursins eru ellefu talsins: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Matís, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Ríki Vatnajökuls, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Vatnajökulspjóðgarður og Vöruhúsið. Fulltrúar í stjórn setursins eru tíu en Matís hefur kosið að tilnefna ekki fulltrúa í stjórn. Árið 2025 voru embætti stjórnar svo skipuð: Lilja Jóhannesdóttir formaður, Ingunn Jónsdóttir varaformaður, Steinunn Hödd Harðardóttir gjaldkeri og Kristín Vala Þrastardóttir ritari. Aðrir stjórnarmenn voru í upphafi árs: Gunnar Þór Jóhannesson, Þórgunnur Torfadóttir, Lind Völundardóttir, Bjarni Guðmundsson, Sindri Örn Elvarsson og Valdís Björg Friðriksdóttir. Talsverðar breytingar urðu á stjórn setursins á árinu, Karl Benediktsson tók sæti Gunnars Þórs sem fulltrúi Háskóla Íslands, Ingunn Jónsdóttir tók sæti Bjarna Guðmundssonar sem fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Ingveldur Sæmundsdóttir tók sæti Ingunnar sem fulltrúi Háskólafélags Suðurlands, Anna Ragnarsdóttir Pedersen tók sæti Steinunnar Haddar Harðardóttur sem fulltrúi Náttúruverndarstofnunar og Guðjón Ragnar Jónasson tók sæti Lindar Völundardóttur sem fulltrúi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Starf stjórnar var með hefðbundnu sniði á árinu þar sem haldnir voru fjórir stjórnarfundir auk ársfundar. Stjórnarmenn tóku virkan þátt í starfi samstarfshópa um menntun, rannsóknir og nýsköpun. Á árinu var lögð sérstök áhersla á þá hópa sem endurspeglar stoðir nýs samnings setursins við ráðuneyti. Ólíkt fyrri árum vann stjórn ekki að sértækum verkefnum á árinu en undanfarin ár hafði stjórn unnið að endurnýjun stefnumörkunar, stefnuskjölum setursins og endurnýjun samnings við ráðuneyti. Það má því segja að árið hafi verið rólegra í störfum stjórnar en síðastliðin ár.

Öflugt starf er unnið hjá Nýheimum þekkingarsetri og fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki setursins fyrir vel unnin störf, elju þeirra og metnað fyrir starfi setursins og samstarfi aðildarstofnana.



Lilja Jóhannesdóttir  
Formaður stjórnar, 30. desember 2025

# Starfsemi Nýheima þekkingarseturs

Það má með sanni segja að starfsemi ársins hafi einkennst af miklum krafti og fjölbreyttum verkefnum. Nýr samningur setursins og aukið fjármagn frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, ásamt verkefnasamningi setursins við Sveitarfélagið Hornafjörð, voru forsenda fjölgunar stöðugilda við setrið í upphafi árs. Með þessum samningum náðist að treysta betur grunnfjármögnun setursins sem var mikilvægur áfangi fyrir starfseminna.

Margvísleg miðlun er mikilvægur þáttur í starfi setursins og felur hlutverk þess meðal annars í sér miðlun á sviði nýsköpunar, rannsókna og háskólaþjónustu. Sem dæmi má nefna miðlun á stuðningi við frumkvöðla, tækifærum til rannsókna og upplýsingum um háskólanám og fjarnám á starfssvæði setursins. Unnið var að því að efla enn frekar miðlun setursins með ýmsum hætti, meðal annars með mánaðarlegri útgáfu fréttabréfs. Einnig hefur öflug miðlun farið fram á heimasíðum og samfélagsmiðlum setursins. Þátttaka í ráðstefnum og öðrum viðburðum hefur verið mikilvægur liður til kynninga á starfsemi og verkefnum setursins. Í ár sóttu starfsmenn setursins Byggðaráráðstefnu sem haldin var við Mývatn í nóvember og bar yfirskriftina *Félagslegur fjölbreytileiki samfélaga – jafnvægi, áskoranir eða vannýtt sóknarfæri?* Ráðstefnan var vettvangur fjölbreyttrar umræðu um þróun byggða, inngildingu og samfélagslega þátttöku í íslenskum byggðum. Á ráðstefnunni kynnti Eyrún Fríða þróunarverkefni setursins, HeimaHöfn.

Á árinu var haldinn kynningarfundur fyrir atvinnulífið í Sveitarfélaginu Hornafirði. Markmið fundarins var að gefa fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri kost á að kynna starfsemi setursins, með áherslu á þá gjaldfrjálsu þjónustu sem atvinnulífinu býðst. Vakin var athygli á þeim þáttum í starfsemi setursins sem helst snúa að atvinnulífinu en það eru einkum verkefnið HeimaHöfn, þjónusta byggða- og nýsköpunarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar og þjónusta byggðaþróunarfulltrúa Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.



Kynningarfundur atvinnulífsins, mynd HHR

Stærsti miðlunarviðburður ársins var þó án efa málping HeimaHafnar sem haldið var á Höfn í september. Tilgangur málþingsins var að skapa vettvang fyrir umræðu og miðlun þekkingar og reynslu um þær áskoranir og tækifæri sem blasa við í tengslum við búsetuval, atvinnu- og byggðaþróun og samfélagsþátttöku ungs fólks á landsbyggðinni. Verkefnið HeimaHöfn og starf setursins með ungu fólki var kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélaga víðsvegar af landinu. Ánægjulegt hefur verið að upplifa þann áhuga sem HeimaHöfn hefur verið sýndur og hefur verkefnið fengið talsverða umfjöllun í landsmiðlum. Í kjölfar málþingsins hafa önnur sveitarfélög einnig leitað til setursins og óskað eftir upplýsingum um verkefnið. Undirstrikar þetta að þróunarverkefnið HeimaHöfn hefur mikilvægi og leiðargildi á landsvísu.


Starf ársins fól að stærstum hluta í sér vinnu að svæðisbundnum verkefnum og kjarnaverkefnum setursins. Eftir nokkurt hlé frá erlendum samstarfsverkefnum var setrið á vormánuðum aðili að styrkumsókn til Nordplus. Verkefni það hlaut styrk en um er að ræða norrænt samstarfsverkefni sem ber yfirskriftina *Future in Focus*. Verkefnið snýr að málefnum ungmenna á landsbyggðinni svo það fellur einkar vel að öðrum verkefnum setursins.

Í upphafi árs fjölgaði í starfsmannahópnum þegar þær Eva Bjarnadóttir og Eyrún Fríða Árnadóttir hófu störf hjá setrinu. Fjórir starfsmenn, í samtals 3,5 stöðugildi, unnu að verkefnum setursins á árinu. Svo margir hafa starfsmenn setursins ekki verið um nokkurt skeið og mátti vel merkja jákvæð áhrif þess á starfseminu.



Múlagljúfur, mynd HHR

## Starfsfólk



Hugufrun Harpa Reynisdóttir ([hugrunharpa@nyheimar.is](mailto:hugrunharpa@nyheimar.is)) er forstöðumaður setursins. Hugufrun er með BA próf í félagsfræði og MA próf í umhverfis- og auðlindafræði. Sinnir hún daglegum rekstri setursins, öflun fjármagns og verkefna. Einnig vinnur hún að verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna setursins. Jafnframt sinnir hún þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS.



Nejra Mesetovic ([nejra@nyheimar.is](mailto:nejra@nyheimar.is)) er sérfræðingur hjá setrinu. Hún er með BS próf í ferðamálafræði og MS próf í markaðsfræði. Nejra sinnir verkefnastjórnun og framkvæmd ýmissa verkefna og hefur umsjón með þjónustu við háskólanema. Nejra gegnir hlutverki byggða- og nýsköpunarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



Eva Bjarnadóttir ([eva@nyheimar.is](mailto:eva@nyheimar.is)) er sérfræðingur hjá setrinu. Hún er með BA próf í myndlist. Eva sinnir verkefnastjórnun og framkvæmd ýmissa verkefna. Hún er tengiliður fyrirtækja og stofnana í HeimaHöfn auk þess að gegna stöðu byggðaþróunarfulltrúa og sinna þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS.



Eyrún Fríða Árnadóttir ([eyrun@nyheimar.is](mailto:eyrun@nyheimar.is)) er sérfræðingur hjá setrinu. Hún er með BA próf í uppeldis- og menntunarfræði og MA próf í kynjafræði. Árið 2025 sinnti Eyrún verkefnastjórn HeimaHafnar í 50% starfshlutfalli.



Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir ([sigruninga@nyheimar.is](mailto:sigruninga@nyheimar.is)) sinnti störfum sem verktaki hjá setrinu. Kom hún að afmörkuðum verkþáttum ýmissa verkefna setursins auk viðfangsefna í innra starfi setursins. Sigrún Inga er með MS próf í landfræði ásamt viðbótardiplóma í safnafræði.

## Verkefni ársins 2025

Svæðisbundin samstarfs- og þjónustuverkefni voru fyrirferðarmikil í starfi setursins á árinu. Auk þeirra hélt áfram vinna að kjarnaverkefnum setursins en árið var það fyrsta eftir undirritun nýs samnings við ráðuneytið. Samningurinn skilgreinir með nýjum hætti hlutverk setursins á sviði rannsókna, háskólanámsþjónustu og nýsköpunar. Skilgreining samningsins á hlutverki setursins hafði eðlilega áhrif á áherslur starfsins á árinu. Unnið var að því að koma upp aðstöðu sem setrinu ber að veita frumkvöðlum, háskólanemum og rannsakendum og móta þá þjónustu og miðlun sem setrið skal veita.

Í ársskýrslu þessari verður fjallað um helstu verkefni ársins en auk þeirra sem hér fá sérstaka umfjöllun eru ótalin smærri samstarfsverkefni og önnur verkefni sem snúa að stjórnun og daglegum rekstri setursins.

## Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema

Í Nýheimum gefst öllum háskólanemum kostur á að nýta sér námsaðstöðu á Austurgangi. Setrið veitir háskólanemum aðgang að námsverinu sem hefur verið nokkuð vel nýtt af hornfirskum háskólanemum síðustu ár. Setrið veitir einnig þjónustu í tengslum við próftökur en árið 2025 þreyttu 40 nemendur próf í Nýheimum og voru prófin 139 talsins. Til samanburðar má nefna að fjöldi nemenda árið á undan var 38 einstaklingar og fjöldi prófa var 154. Aðstaða til próftöku hefur verið í kennsluveri á Austurgangi en með nýjum samstarfssamningi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu mun setrið hafa afnot af kennslustofu skólans á efri hæð Nýheima fyrir prófþjónustu setursins.

Setrið leggur áherslu á að skapa hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur þar sem þeim gefst kostur á að vera hluti af fræðasamfélagi og stunda nám á eigin forsendum í heimabyggð. Háskólanemar sem nýta þjónustu og aðstöðu í Nýheimum fá aðgang að læstum skáp, eldhúsi, kaffistofu, interneti og fundaraðstöðu í samráði við verkefnastjóra. Nemar sem nýta aðstöðuna gera námsaðstöðusamning við setrið og er aðstaðan nemum að kostnaðarlausu á opnunartíma Nýheima. Fyrir þá nema sem vilja nýta sér húsnæði Nýheima utan opnunartíma er í boði að fá lykil að aðstöðunni gegn 5.000 kr. tryggingu sem endurgreiðist við samningslok. Þjónusta setursins vegna próftöku háskólanema er þeim einnig að kostnaðarlausu.

Nemendur sem nýtt hafa aðstöðu og þjónustu setursins koma úr röðum flestra háskóla landsins. Einnig hefur setrið haft umsjón með prófum á sviði símenntunar í samstarfi við skóla og stofnanir.

Nejra hefur umsjón með þjónustu við háskólanema.



Háskóladagurinn í Nýheimum

## Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf

Líkt og undanfarin ár hefur starfsfólk setursins sinnt þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga en Sveitarfélagið Hornafjörður er eitt af sjö atvinnusóknarsvæðum á Suðurlandi. Eva og Hugufrún Harpa sinna hlutverki byggðaþróunarfulltrúa SASS á svæðinu og eru þær til taks á skrifstofum sínum á Vesturgangi Nýheima og á Fagurhólmsmýri í Örafum en einnig má hafa samband með tölvupósti.

Hlutverk byggðaþróunarfulltrúa eru meðal annars ráðgjöf og handleiðsla í tengslum við atvinnuþróun, nýsköpun og menningarmál ásamt upplýsingaöflun og -miðlun á hverju svæði fyrir sig. Einnig vinna byggðaþróunarfulltrúar að svæðisbundnum verkefnum þar sem markmiðið er að stuðla að jákvæðri byggðaþróun á hverju svæði út frá áherslum og áskorunum þeirra. Byggðaþróunarfulltrúar eru jafnframt fulltrúar og ráðgjafar Uppbyggingarsjóðs Suðurlands á sínum svæðum og sinna því samskiptum við umsækjendur og styrkþega sjóðsins. Sjóðurinn veitti styrki til nýsköpunar- og menningarverkefna í vor- og haustúthlutunum ársins og hlutu 27 hornfirsk verkefni styrk. Breytt fyrirkomulag verður á styrkveitingum sjóðsins á árinu 2026 í samræmi við ákvörðun stjórnar SASS um breytt verklag við úthlutun. Helsta breytingin felst í því að úthlutunum verður fækkað úr tveimur á ári í eina. Um er að ræða tilraunaverkefni til næstu tveggja ára sem miðar að því að efla faglegan stuðning við umsækjendur og tryggja skilvirkari nýtingu fjármuna.

Ráðgjöf byggðaþróunarfulltrúa er gjaldfrjálst upp að ákveðnu marki. Hver þjónustuþegi getur nýtt sér sjö klukkustundir í ráðgjöf yfir almanaksárið en sveitarfélög og stofnanir sem starfa í almannabágu á starfssvæðinu geta nýtt sér tuttugu klukkustundir.

Auk verkefna heima í héraði tóku byggðaþróunarfulltrúar þátt í samstarfi innan landshlutans og meðal landshlutasamtaka. Vorfundur byggðaþróunarfulltrúa Suðurlands var haldinn í Vestmannaeyjum í júní. Til hans mættu starfsmenn SASS auk byggðaþróunarfulltrúa af öllu Suðurlandi. Venju samkvæmt var vorfundur hópsins nýttur til að kynna starfsemi og nærumhverfi þess atvinnusóknarsvæðis sem heimsótt var. Á fundinum var jafnframt unnið að nýrri Sóknaráætlun Suðurlands. Byggðaþróunarfulltrúar sóttu einnig Ársþing SASS sem haldið var á Kirkjubæjarklaustri í október og haustfund landshlutasamtaka og Byggðastofnunar sem haldinn var við Mývatn í nóvember. Fyrir hönd SASS sat Hugufrún Harpa ráðstefnu ungmennaráða sveitarfélaga í desember sem haldin var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þátttaka á ráðstefnunni var liður í því að styrkja tengsl SASS við ungmennaráðin og sækja nýja þekkingu sem nýtist í starfi SASS með ungmennum á Suðurlandi. Hugufrún Harpa hefur verið fengin til þess að hafa umsjón með starfi ungmennaráðs Suðurlands fyrir hönd SASS.



## Stoðir Nýheima

Eitt af meginmarkmiðum setursins er að stuðla að auknu samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila með sérstaka áherslu á menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknir. Vinna samstarfshópa setursins um menntun, nýsköpun og rannsóknir hélt áfram á árinu. Með starfi hópanna er stuðlað að auknu samtali milli stofnana um málefni hverrar stoðar á Suðausturlandi. Setrið leiðir starf hópanna en fulltrúar aðildarstofnana hafa tekið þátt í starfi þeirra. Með ólíkum verkefnum og viðburðum sem hóparnir standa fyrir er unnið að því að skapa tengsl við fleiri einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki á svæðinu.

Starf setursins að stoðum þess snertir á margan hátt atvinnulíf svæðisins. Til að afla upplýsinga um ólík atriði, til hagnýtingar í starfi setursins, var lögð fyrir könnun meðal fyrirtækja í Sveitarfélaginu Hornafirði. Könnunin var lögð fyrir rafrænt og óskað eftir þátttöku fyrirtækja á svæðinu. Niðurstöður könnunarinnar veita hagnýtar upplýsingar, meðal annars um áhuga og möguleika á samstarfi, þörf fyrirtækjanna fyrir fræðslu og væntingar þeirra til þjónustu frá setrinu. Setrið tekur mið af svörum fyrirtækjanna í vinnu sinni með atvinnulífinu í gegnum ólík verkefni, svo sem HeimaHöfn og byggðaþróunarvinnu vegna samninga við SASS og Sveitarfélagið Hornafjörð. Niðurstöðurnar eru einnig hafðar til hliðsjónar í vinnu að stoðum setursins.

## Nýsköpun

Upplýsingamiðlun um stoðkerfið, styrktarsjóði og fræðslutækifæri er fastur liður í starfi setursins. Á árinu var miðlun setursins aukin enn frekar á miðlum þess og einnig með útgáfu fréttabréfs þar sem hagnýtum upplýsingum er miðlað til íbúa og með markvissum hætti til ólíkra markhópa samfélagsins. Auk miðlunar upplýsinga er setrinu ætlað að stuðla að og hvetja til nýsköpunar með verkefnum, fræðslu og viðburðum á starfssvæðinu. Setrið hélt grunnnámskeið um gervigreind í júní en námskeiðið var ætlað byrjendum sem vildu taka sín fyrstu skref í notkun gervigreindar. Markmiðið var að kynna fyrir þátttakendum hvað gervigreind er, hvernig hún virkar og getur nýst í daglegu lífi, vinnu og námi. Kynnt voru tól eins og ChatGPT og DALL-E og þátttakendur fengu tækifæri til að prófa sig áfram í texta- og myndagerð með gervigreind. Þátttaka var góð og mikil ánægja meðal þátttakenda með þetta tækifæri til að kynna sér og læra grunnatriði við að nýta gervigreindina. Á haustönn var svo haldin vinnustofa í samstarfi við KPMG og Iceland Innovation Week. Þar gafst tækifæri til að öðlast meiri færni í notkun gervigreindar við ýmis verkefni. Einnig var fjallað um hvernig má styrkja og þróa viðskiptaumhverfi með markvissri sölu og markaðssetningu. Veitt voru hagnýt ráð um hvernig nýta má takmarkað fjármag til að hámarka árangur, þar á meðal með notkun einfaldra gervigreindartóla til að spara tíma og auka skilvirkni. Bæði þessi námskeið voru þátttakendum að kostnaðarlausu.



Alice Sowa með kynningu á verkefnum sínum í frumkvöðlakaffi í Nýheimum, mynd NM



Starfsmenn Nýheima þekkingarseturs á byggðaráðstefnu í Mývatnssveit

Haldin voru regluleg frumkvöðlakaffi í Nýheimum og einnig eitt í Öraefum. Á einum slíkum viðburði í Nýheimum var Alice Sowa, stofnandi Grænulautar ehf. með erindi. Alice er iðnhönnuður og textíllistakona sem hefur verið búsett í Skaftafelli í Öraefum frá árinu 2023. Í vorúthlutun Uppbyggingarsjóðs SASS fékk Grænalaut ehf. styrk fyrir verkefnið *Arctic Fibers* en einnig hlaut Alice sjálf tvo styrki úr sömu úthlutun, annars vegar fyrir samfélagsverkefnið *Öraefi Knitting group* og hins vegar fyrir sýningarverkefnið *Echoes of Ice*. Grænalaut ehf. er nýsköpunarfyrirtæki sem hún stofnaði árið 2024 og vinnur að því að tengja saman landbúnað og textíliðnað á sjálfbæran hátt. Alice sagði sérstaklega frá þróun verkefnanna *Ullarkögglar* og *Arctic Fibers*, sem eru dæmi um verkefni sem hún hefur einbeitt sér að og stuðla að nýtingu íslensks hráefnis á skapandi og sjálfbæran hátt.

Þekkingarsetrið hefur í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð og Háskólafélag Suðurlands boðið aðstöðu fyrir frumkvöðla en sú aðstaða var staðsett á efri hæðinni í Miðbæ. Á haustmánuðum var aðstaðan færð í Nýheima og er hún nú hugsuð fyrir bæði frumkvöðla og rannsakendur. Aðstaðan fékk nafnið *Kvísker*, með vísun í bæinn *Kvísker* í Öraefum og það merka fræðastarf og frumkvæði sem einkenndi systkinin frá *Kvískerjum*. Aðstaðan er staðsett á austurgangi Nýheima og er henni ætlað að veita einstaklingum tækifæri til þróunar hugmynda, verkefna eða rannsókna í skapandi og faglegu umhverfi. Í rýminu eru fjögur skrifborð, hvert búið skjá, lyklaborði og mús. Notendur hafa einnig aðgang að stuðningi og ráðgjöf frá starfsfólki þekkingarsetursins, auk þess sem þeir verða hluti af lifandi samfélagi Nýheima sem sameinar menntun, rannsóknir, nýsköpun og atvinnulíf undir sama þaki.


Nýsköpunarnetið er samstarfshópur Nýheima, Vöruhússins, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, SASS og Háskólafélags Suðurlands um nýsköpun á Suðausturlandi. Markmið hópsins er að efla samstarf um frumkvöðla- og nýsköpunarstarf í sveitarfélaginu. Hópurinn fundar mánaðarlega og tryggir þannig miðlun upplýsinga og þekkingar milli stofnana sem mynda stoðkerfi nýsköpunar á svæðinu. Þá vinnur hópurinn saman að því að auka aðgengi íbúa að stoðkerfi nýsköpunar.

## Menntun

Menntastof setursins hefur ávallt falið í sér áherslu á aðgengi að fjölbreyttu og góðu námi fyrir íbúa alla ævi. Nýr samningur við ráðuneyti skilgreinir hins vegar sérstaklega hlutverk setursins hvað varðar nám á háskólastigi. Setrið skal veita háskólanemum aðstöðu til náms og þjónustu vegna prófa líkt og kemur fram í kafla um háskólanámsþjónustu. Auk þess hefur setrið það hlutverk að vera tengiliður háskóla inn á starfssvæðið og ber því að miðla upplýsingum um háskólanám og fjarnám á starfssvæði sínu. Íbúar sem hafa áhuga á að afla sér menntunar á háskólastigi geta því leitað til setursins eftir ráðgjöf og aðgengi að tengslaneti þess við háskóla landsins.

Bekkingarsetrið hefur lagt áherslu á miðlun upplýsinga um námstækifæri og þá einkum tækifæri íbúa til menntunar óháð búsetu. Á heimasíðu setursins má finna upplýsingar sem teknar hafa verið saman um fjarnám á ólíkum skólastigum (framhaldsskólastig, háskólastig, aðfaranám að háskólum, símenntun, endurmenntun auk starfsþróunar og annars sveigjanlegs náms). Einnig má þar finna upplýsingar um þau fjölbreyttu fjarnámskeið sem símenntunarstöðvar um land allt bjóða og henta fólki á öllum aldri. Framboðið hefur aukist með aukinni eftirspurn eftir sveigjanlegum leiðum til náms og er þar að finna ýmislegt áhugavert, bæði hagnýt námskeið og tólmstundanámskeið. Í mars var Háskóladagurinn haldinn í Nýheimum þar sem fulltrúar háskóla landsins kynntu sitt fjölbreytta námsframboð. Þar gafst nemendum framhaldsskólans og öðrum gestum kostur á að fræðast um námsmöguleika að loknu stúdentsprófi.

Menntahvöt Hornafjarðar er samstarfshópur menntastofnana í Hornafirði. Þessar stofnanir eru Nýheimar þekkingarsetur sem leiðir starf hópsins, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði og Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi. Markmið hópsins og tilgangur er að styðja við menntun íbúa á svæðinu.





Fjallasýn á Mýrum, mynd HHR

## Rannsóknir

Eitt af markmiðum Nýheima þekkingarseturs er að stuðla að samstarfi þeirra aðila sem stunda rannsóknir á svæðinu. Það hefur meðal annars verið gert með starfi rannsóknahóps Nýheima en í honum eru, auk starfsfólks setursins, fulltrúar frá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði, Náttúrustofu Suðausturlands, Háskólafélagi Suðurlands og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Á árinu beindi hópurinn sérstaklega sjónum að aðstöðumálum rannsakenda sem starfa á svæðinu til lengri eða skemmri tíma. Ákveðið var að afla frekari upplýsinga um mögulega aðstöðu og þjónustu fyrir rannsakendur í Sveitarfélaginu Hornafirði. Starfsmenn setursins unnu að þeirri upplýsingaöflun með könnun meðal fyrirtækja þar sem var meðal annars spurt um vilja og getu fyrirtækja til að veita rannsakendum aðstöðu eða þjónustu.

Að frumkvæði hópsins var Nýheimadagurinn haldinn í upphafi árs en þar kynntu þær stofnanir sem hafa aðsetur í Nýheimum verkefni sín og rannsóknir. Starfsfólk setursins sá um skipulag og framkvæmd viðburðarins en tilgangur hans var að veita innsýn í þau fjölbreyttu verkefni sem unnið er að hjá stofnunum í húsinu og skapa vettvang fyrir samtal og tengslamyndun. Átta stofnanir tóku þátt og kynntu starfsemi sína. Kynningarnar voru áhugaverðar og upplýsandi og gaf fundurinn góða mynd af því öfluga starfi sem á sér stað í Nýheimum.

Auk samstarfs við rannsóknahópinn hefur starfsfólk setursins með ýmsum hætti unnið að hlutverki þess á sviði rannsókna. Felur það í sér miðlun upplýsinga um möguleg rannsóknaverkefni og hvatningu til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga um þátttöku í rannsóknum. Auk þess felst í starfinu að miðla upplýsingum og leiðbeina um tækifæri í innlendum og erlendum samkeppnisjóðum. Unnið var að þessum viðfangsefnum með ýmsum hætti en með verkefninu HeimaHöfn hefur miðlun rannsóknatækifæra fengið skýran farveg. Tengslanet verkefnisins nýtist vel til miðlunar upplýsinga milli atvinnulífs, rannsakenda og háskólanema um möguleg rannsóknatækifæri innan fyrirtækja og sömuleiðis áhuga rannsakenda til samstarfs við atvinnulíf vegna framkvæmda rannsókna.

Setrið veitir aðstöðu fyrir rannsakendur, háskólanema og starfsmenn rannsóknastofnana sem vinna að rannsóknum á svæðinu. Aðstaðan sem ber heitið Kvísker er á austurgangi Nýheima og er hún ætluð bæði frumkvöðlum og rannsakendum. Í rýminu eru fjögur skrifborð, hvert búið skjá, lyklaborði og mús. Við vonumst til að rannsakendur nýti sér aðstöðuna til þróunar hugmynda, verkefna eða rannsókna í okkar skapandi og faglega umhverfi.

# Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni

## HeimaHöfn

Árið var annað starfsár HeimaHafnar en verkefnið hófst í mars 2024. HeimaHöfn er þróunarverkefni á sviði byggðaþróunar þar sem ungt fólk er haft í forgrunni. Markmið verkefnisins er að styrkja samkeppnishæfni og aðdráttarafl Hornafjarðar. Með markvissum aðgerðum er unnið að því að efla nærsamfélagið og skapa umhverfi þar sem ungmenni sjá framtíð sína.

Nýheimar þekkingarsetur og Sveitarfélagið Hornafjörður endurnýjuðu samning sinn um fjármögnun 50% stöðu verkefnastjóra í upphafi árs. Nýr samningur gildir til þriggja ára og með honum er verkefnið fest enn betur í sessi. Auk þess að ná að treysta betur grunnfjármögnun HeimaHafnar hlaust styrkur frá innviðaráðuneyti til frekari þróunar verkefnisins og miðlunar þess til annarra sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Verkefnið byggir á norski fyrirmynd, Nordfjordkompaniet, sem vinnur að því að fræða ungt fólk um tækifærin í heimabyggð. Á árinu gafst starfsfólki Nýheima þekkingarseturs tækifæri til að heimsækja Nordfjordkompaniet í Stryn í Noregi. Ástæða ferðarinnar var undirbúningsstyrkur sem fékkst frá Nordplus til að hefja undirbúning og gerð umsóknar vegna nýs samstarfsverkefnis Nýheima þekkingarseturs, Nordfjordkompaniet og Hälsinglands utbildningsförbund í Söderhamn í Svíþjóð. Heimsóknin nýttist einnig til að kynna starfi samstarfsaðilanna í Noregi og skilaði ferðin starfsfólki þekkingarsetursins dýrmætri þekkingu og innblæstri til áframhaldandi þróunar HeimaHafnar.

Á síðasta ári óx umfang HeimaHafnar talsvert enda var unnið að innleiðingu nýrrar áherslu um leið og haldið var áfram vinnu að áherslu fyrsta starfsárs. Fleiri verkþættir komu því til framkvæmdar auk þess sem samstarfsaðilum fjölgaði talsvert. Verkefni sem þetta krefst talsverðrar umsýslu sem snýr meðal annars að samskiptum og samráði við lykil samstarfsaðila, umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum, upplýsingaöflun, áframhaldandi þróun verkþátta og fjármögnun. Sem dæmi um slíka umsýslu má nefna miðlun rannsókna- og starfstækifæra en sú miðlun tekur í mörgum tilfellum mið af óskum og væntingum einstaklinga og atvinnulífs. Á árinu var upplýsinga aflað hjá fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu um möguleg rannsóknatækifæri með það að markmiði að miðla þeim til háskólanema og annarra áhugasamra einstaklinga. Markmið þessarar vinnu er að efla tengsl námsfólks og atvinnulífs á svæðinu og stuðla þannig að auknum tækifærum til rannsókna í heimabyggð. Miðlun starfstækifæra er svo unnin í samráði við atvinnulíf á svæðinu og náði hún bæði til sumar- og framtíðarstarfa.



Heimsókn í Skinney (t.v.) og Frístund í Nýheimum (t.h.), myndir HHR og NM



Málþing HeimaHafnar, pallborðsumræður

Auk viðvarandi umsýslu er svo unnið að skipulagi og framkvæmd ýmissa viðburða og aðgerða með einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Samstarf við þessa aðila var öflugt á árinu og mætti verkefnið almennum áhuga og jákvæðni. Sú jákvæðni er verkefninu afar mikilvæg enda er HeimaHöfn samfélagslegt verkefni og er stuðningur og þátttaka samfélagsins í heild forsenda þess að markmiðum þess verði náð.

## Vinna með ungmennum

Á vorönn var unnið með megináhersluna atvinnu- og námstækifæri. Vinna verkefnastjóra með nemendum 10. bekkjar var mótuð í samstarfi við námsráðgjafa Grunnskóla Hornafjarðar og umsjónarkennara bekkjarins. Verkefnastjóri stóð fyrir fræðsluerindum fyrir nemendur með valdeflingu hópsins að leiðarljósi. Haldin voru þrjú erindi sem fjölluðu um samskiptahæfni, kynjaðan vinnumarkað og gagnrýna hugsun.

Vinna með framhaldsskólanemum var umfangsmesti hluti HeimaHafnar á árinu. Unnið var í nánú samstarfi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu og fengust nemendur við margvísleg viðfangsefni tengd megináherslunni. Skipulagðar voru kynningar á starfsemi fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja þar sem ungmenni fengu kynningu á starfsemi hvers fyrirtækis og þeim störfum sem þar eru unnin. Forsvarsfólk fyrirtækjanna veitti einnig innsýn í hvaða þekking væri til staðar innan fyrirtækisins og hvaða þekkingu fyrirtækið sæi fram á að hafa þörf fyrir í framtíðinni. Kynningar á starfsemi fyrirtækja fóru einnig fram með kynningarviðburðum án heimsókna. Þetta form kynninga kom sér vel fyrir fyrirtæki sem ekki hafa eiginlegan vinnustað eða eru ekki í aðstöðu til að taka á móti hópum á vinnustaðnum. Í tengslum við vísindadaga í

framhaldsskólanum unnu nemendur svo verkefni sem fól í sér upplýsingaöflun og jafningjafræðslu. Ungmennin fóru þá sjálf í litlum hópum í heimsókn til fyrirtækis eða stofnunar, öfluðu sér upplýsinga um vinnustaðinn og settu saman og héldu stutta kynningu fyrir jafningja sína. Á vegum HeimaHafnar fór einnig fram kynning á háskólanámi í stað- og fjarnámi, meðal annars á háskóladeginum og með upplýsingagjöf á heimasíðu verkefnisins. Einnig var Háskóladagurinn haldinn í Nýheimum.

Vorfundir voru haldnir með útskriftarnemum grunn- og framhaldsskóla í lok annar. Fyrst og fremst voru fundirnir nýttir til tengslamyndunar þar sem rætt var um framtíðaráform ungmennanna yfir léttum kvöldverði. Upplýsingum um hagnýtt efni á heimasíðu HeimaHafnar var miðlað, boðið upp á að skrá sig til þátttöku og rifjað upp hvernig verkefnið getur nýst þátttakendum. Einnig voru gefnir út upplýsingabæklingar þar sem teknar hafa verið saman hagnýtar upplýsingar sem geta stutt við ungt fólk á tímamótum við lok grunn- og framhaldsskóla. Þar má til dæmis finna upplýsingar um námsframboð á ýmsum skólastigum, í staðnámi og fjarnámi, húsnæðismöguleika, styrki og lánamöguleika.

Starfsemi haustannar grundvallaðist á megináherslunni um samfélagsþátttöku. Samfélagsviðburðurinn Frístund markaði upphaf þeirrar vinnu en viðburðurinn var haldinn í Nýheimum í september. Að þessu sinni tóku 33 félagasamtök og klúbbar þátt í viðburðinum og kynntu starfsemi sína fyrir áhugasömum gestum. Viðburðurinn var haldinn á laugardegi og áhersla lögð á tækifæri til samveru um leið og íbúar gátu kynnt sér fjölbreytt félagsstarf í sveitarfélaginu.



Myndir frá ýmsum viðburðum HeimaHafnar, myndir HHR

Verkefnið leggur ríka áherslu á virkt samtal við ungmenni og eflingu félagslegrar virkni og samfélagsþátttöku þeirra. Á haustönn voru skipulagðir kynjaskiptir hádegisfundir með nemendum framhaldsskólans þar sem rætt var um tækifæri til samfélagsþátttöku í sveitarfélaginu og félagslega virkni ungmenna. Meðal þess sem kom fram á fundunum var skortur á vitneskju ungmenna um tækifærum til þátttöku. Ýmsir viðburðir sem haldnir eru í samfélaginu virðast því fara fram hjá þeim. Þessar ábendingar ungmennanna urðu til þess að lögð var áhersla á að nýta samfélagsmiðla verkefnisins til miðlunar á þeim viðburðum sem haldnir eru í sveitarfélaginu. Einnig hefur verið horft til þess að innan verkefnisins sé hægt að standa fyrir viðburðum fyrir ungmenni og þannig stuðla að félagslegri virkni þeirra. Einn slíkur viðburður var haldinn undir lok árs þegar haldið var pop-up ungmennahús í samstarfi við Dokk á Höfn.

Í október var haldinn tengslaviðburður í Stúdentakjallaranum í Reykjavík. Markmið þess viðburðar var að stuðla að eflingu og viðhaldi tengsla hornfirskra ungmenna við heimabyggðina á meðan þau dvelja á höfuðborgarsvæðinu vegna náms eða starfa. Með viðburðinum var leitast við að kynna HeimaHöfn fyrir ungmennum sem voru farin frá svæðinu áður en verkefnið hófst. Viðburðurinn var öllum opin og bauðst gestum að fræðast um verkefnið og þjónustu þekkingarsetursins.

Starf HeimaHafnar með aldurshópnum 18-25 ára sem eru búsett í sveitarfélaginu fól einkum í sér að efla tengslamyndun og miðla upplýsingum um viðburði og þjónustu sem verkefnið hefur að bjóða. Það var meðal annars gert með því að safna sögum ungs fólks í sveitarfélaginu og miðla þeim á heimasíðu HeimaHafnar. Sögunum er ætlað að varpa ljósi á líf ungs fólks á svæðinu í gegnum persónulegar frásagnir einstaklinga.



## Miðlun

Hagnýting HeimaHafnar á öðrum svæðum og markviss miðlun þess hefur verið meðal áhersluatriða við þróun verkefnisins frá upphafi. Áherslur HeimaHafnar eru miðaðar að aðstæðum í Sveitarfélaginu Hornafirði en markmið og aðferðir verkefnisins geta þó einnig átt við í öðrum landsbyggðarsamfélögum. Ljóst er að grundvöllur er til samvinnu um byggðafestu ungmenna í dreifðari byggðum.

Á árinu var markvisst unnið að miðlun og yfirfærslu þekkingar og reynslu af verkefninu til annarra byggðarlaga. Hugmyndafræði og aðferðir verkefnisins hafa vakið athygli á fjölbreyttum vettvangi og hlotið góðar viðtökur. Fjallað var um verkefnið í ýmsum fjölmiðlum, bæði svæðisbundnum og á landsvísu, svo sem dagblöðum, vefmiðlum og í útvarpi. Áhugi fjölmiðla á verkefninu var ekki síst mikill í kjölfar málþings Nýheima þekkingarseturs. Stjórnmalafólk gerði verkefnið einnig að umfjöllunarfni og rataði verkefnið í umræðu í ræðustóli Alþingis.

Einnig hafa verkefnastjóri HeimaHafnar og forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs haldið kynningar fyrir sveitarfélög og landshlutasamtök sem eftir því hafa leitað. Jafnframt kynnti Hugu Harpa verkefnið fyrir ungmennum á Norðurlandi eystra þar sem hún var gestafyrirlesari á vinnustofunni *Byggðabragur - Verkfæraakista unga fólksins* sem var haldin á Húsavík.

## Málþing

Í september var málþing HeimaHafnar haldið á Höfn undir yfirskriftinni „Hvað ef ég vil vera hér?“. Þar var fjallað um ungt fólk, byggðafestu þess og framtíð á landsbyggðinni. Tilgangur málþingsins var að skapa vettvang fyrir umræðu og miðlun þekkingar og reynslu um áskoranir og tækifæri sem tengjast búsetuvali, atvinnu- og byggðapróun og samfélagsþátttöku ungs fólks á landsbyggðinni.



Dr. Eva Mærsk hélt erindi sem bar heitið „Að skapa rými fyrir ungt fólk á landsbyggðinni“, mynd TJ



Myndir frá málþingi, myndir TJ

Til málþingsins bauð setrið aðilum sem mynda stoðkerfi samfélaga á landsbyggðinni og móta stefnur sem varða ungt fólk. Um var að ræða stjórnarmenn og starfsfólk landshlutasamtakanna, kjörna fulltrúa í sveitarstjórnum og starfsfólk sveitarfélaga sem vinna að málefnum fræðslu og frístunda. Einnig bauð setrið þingmönnum Suðurkjördæmis til málþingsins. Um 40 manns sóttu þingið og miðaði dagskrá þess að því að miðla framkvæmdinni á HeimaHöfn og þeim rannsóknum sem liggja að baki verkefninu, ásamt því að gefa þátttakendum innblástur til framkvæmda í sinni heimabyggð.

Frummælendur á málþinginu komu frá Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Langanesi ásamt heima- konunum Hugrónu Hörpu og Eyrúnu Fríðu sem fluttu erindi um rannsóknir Nýheima þekkingarseturs og kynntu verkefnið HeimaHöfn. Seinni dagur málþingsins var að hluta nýttur í vinnustofu þar sem þátttakendur unnu saman í hópum að afmörkuðum verkefnum tengdum málefnum ungs fólks í byggðum landsins. Niðurstöður þeirrar vinnu voru að loknum viðburðinum teknar saman í greinagerð og sendar þátttakendum.



Hópmýnd frá seinni degi málþingsins, mynd TJ

## Handbók

Útgáfa handbókar HeimaHafnar var annar mikilvægur liður í miðlun verkefnisins. Handbókinni er ætlað að veita heildstæðar upplýsingar um verkefnið og innsýn í allt ferli þess, frá því að hugmyndin kviknaði og fram til dagsins í dag. Handbókin veitir hagnýtar upplýsingar um þær leiðir sem fetaðar hafa verið í Sveitarfélaginu Hornafirði með það að leiðarljósi að önnur sveitarfélög geti, ef vilji er til, staðfært og aðlagð einstaka verkþætti eða verkefnið í heild að viðkomandi samfélagi. Fyrsta útgáfa handbókarinnar kom út undir lok árs en hún verður uppfærð með reglulegum hætti, samhliða þróun verkefnisins.

## Erindi á Byggðaráðstefnu

Á Byggðaráðstefnu 2025 flutti Eyrún Fríða erindi um HeimaHöfn þar sem hún greindi frá rannsóknum setursins á samfélagsupplifun og búsetuvali ungmenna í Hornafirði. Þar kom meðal annars fram hvernig viðhorf ungs fólks til samfélagsþátttöku, námstækifæra og framtíðar í heimabyggð hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að vera, flytja eða snúa aftur heim. Einnig greindi Eyrún frá markvissri vinnu verkefnisins með ungmennum þar sem unnið er að því að efla tengsl þeirra við samfélagið og varpa ljósi á tækifæri til náms og atvinnu. Erindið vakti mikla athygli og áhuga ráðstefnugesta og leiddi til líflegra umræðna um hvernig svipuð nálgun gæti gagnast öðrum landsbyggðarsamfélögum.

## Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna

Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna (GRÓ-GEST) var á ferð um Hornafjörð í maí. Eyrún Fríða hélt kynningu um HeimaHöfn fyrir hópinn og voru bæði nemendur og starfsfólk skólans mjög áhugasöm um verkefnið. Í kjölfar heimsóknarinnar komst á ánægjulegt og gefandi samstarf á milli Eyrúnar Fríðu og Laureen Odwe, sem starfar fyrir Athena Girls Innovation Compound í Úganda. Markmið Athena Girls Innovation Compound er að valdefla stúlkur í Úganda til að taka þátt í samfélaginu, efla nýsköpun og samfélagstengingu.



Eyrún Fríða hélt erindi um HeimaHöfn á byggðaráðstefnu í Mývatnssveit og fyrir Jafnréttisskólann sem heimsótti Nýheima á árinu, myndir NM

## Framtíðaráform

Fyrstu tvö starfsár HeimaHafnar hafa verið viðburðarík. Verkefnið hefur fest sig í sessi sem virkur og mikilvægur samstarfsvettvangur á sviði byggðaðróunar í Sveitarfélaginu Hornafirði og vakið eftirtekt víða um land. Verkefnið er í örum vexti og stefnt er að því að innan fárra ára nái það einnig til nemenda á miðstigi Grunnskóla Hornafjarðar.

Næsta skólaár, 2026-2027, verður helgað nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Þar með kemst síðasta megináhersla HeimaHafnar til framkvæmdar. Unnið verður að mótun áherslunnar á fyrri hluta ársins 2026 í samstarfi við samstarfsaðila.

## Samfélagið okkar – Ungt fólk í Hornafirði

Setrið hlaut styrk úr Örvari, nýjum sjóði menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, fyrir verkefnið *Samfélagið okkar – Ungt fólk í Hornafirði*. Verkefnið miðar að valdeflingu ungs fólks til virkni og áhrifa í samfélaginu og jafnframt að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og vaxtarhugarfars. Með verkefninu er leitast við að skapa vettvang og styðja ungmenni til að rýna og koma skoðunum sínum á framfæri á eigin forsendum með þátttöku, sköpun og samvinnu að leiðarljósi. Þannig er stutt við vöxt ungmenna sem einstaklinga með áhrif, rödd og þátttökurétt í samfélaginu.



Undirbúningur fyrir handritagerð, mynd NM

Verkefnið hófst í ágúst 2025 en í nóvember var haldin vinnustofa með ungmennaráði þar sem unnið var að greiningu á samfélaginu með áherslu á atvinnulíf, samfélagsþátttöku og nýsköpunar- og frumkvöðlastarf. Að lokinni greiningu settu ungmennin fram sína sýn á tilgreinda þætti og gerðu áætlun um myndbandsgerð henni til miðlunar. Seinni vinnustofa ungmennaráðs fól í sér vinnu með reyndum kvikmyndagerðarmanni, Herði Þórhallssyni, sem leiðbeindi við upptökur og framsetningu efnisins. Þegar þetta er skrifað er unnið að gerð hljóðupptaka sem munu skerpa á skilaboðum ungmennanna í myndböndunum. Fulltrúum ungmennaráðs, Herði og Emil Morávek, starfsmanni ungmennaráðs, eru hér færðar bestu þakkir fyrir samstarfið og stuðning við verkefnið.



Við tókur á myndbandi fyrir verkefnið *Samfélagið okkar - Ungt fólk í Hornafirði*, mynd EFÁ

# Þjónustuverkefni Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Nýheimar þekkingarsetur og Sveitarfélagið Hornafjörður gerðu í upphafi árs með sér samning um vinnu að sértækum verkefnum á sviði byggðapróunar. Samningurinn er til þriggja ára og felur í sér samstarf stofnananna um verkefnið HeimaHöfn auk þess sem starfsfólk setursins sinnir, á grundvelli samningsins, hlutverki byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins og verkefnum Hornafjörður náttúrulega.


## Byggða- og nýsköpunarfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Hlutverk byggða- og nýsköpunarfulltrúa er nýtt innan setursins og sinnir Nejra starfinu. Á þessu fyrsta starfsári hefur starfið verið að taka á sig mynd en það felur í sér fjölbreytt og víðtæk verkefni sem miða að eflingu atvinnulífs, nýsköpunar og byggðapróunar í sveitarfélaginu. Ákveðnir fastir verkþættir fylgja starfinu, svo sem umsjón með samstarfssamningum sveitarfélagsins á sviði atvinnu- og byggðamála, atvinnu- og rannsóknasjóði sveitarfélagsins, aðstöðu frumkvöðlahreiðurs og aðstöðu og þjónustu vegna starfa án staðsetningar. Vinnurými fyrir störf án staðsetningar er á efri hæð Miðbæjar þar sem frumkvöðlaaðstaða hefur einnig verið staðsett en unnið var að undirbúningi flutnings aðstöðunnar úr Miðbæ yfir í Nýheima. Einnig var unnið að skýrslugerð vegna umsókna og verkefna sveitarfélagsins sem hafa hlotið styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.


Auk þessara þátta veitir byggða- og nýsköpunarfulltrúi ráðgjöf og stuðning til frumkvöðla og fyrirtækja til þróunar og þátttöku í nýsköpunarverkefnum. Nokkuð var um að einstaklingar leituðu eftir ráðgjöf sem sneri meðal annars að fjármögnunarleiðum, gerð styrkumsókna og mótun og framsetningu hugmynda. Liður í ráðgjöfinni er miðlun hagnýtra upplýsinga á hinum ýmsu miðlum en einnig hefur miðlun farið fram með beinum samskiptum við einstaklinga og fyrirtæki. Áhersla hefur verið lögð á að ráðgjöfin sé persónuleg og að einstaklingar og fyrirtæki upplifi góð tengsl og aðgengi að byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins. Með heimsóknnum í fyrirtæki í sveitarfélaginu var unnið að eflingu tengsla við atvinnulíf svæðisins. Í heimsóknunum var hlutverkið kynnt fyrir forsvarsmönnum fyrirtækja, farið yfir þá þjónustu sem stendur til boða og hagnýtum upplýsingum miðlað.

Starfi byggða- og nýsköpunarfulltrúa fylgir áhersla á gagnaöflun sem stutt getur við stefnumótun og framtíðaruppbyggingu. Einnig er áhersla lögð á kynningu og fræðslu um atvinnumál í sveitarfélaginu. Í tengslum við þessitvö markmiðvarunnið að upplýsingaöflun og greiningu á stöðu atvinnulífs og atvinnuhorfum í sveitarfélaginu. Verkefnastjóri tók saman helstu lýðfræðiupplýsingar um sveitarfélagið og miðlaði niðurstöðum þeirrar greiningar til íbúa en einnig voru þær kynntar í atvinnu- og menningarmálanefnd sveitarfélagsins. Áfram verður unnið að greiningu á fleiri þáttum samfélagsins, svo sem atvinnulífi, búsetuskilyrðum og þjónustu.

Í samstarfi við aðra starfsmenn Nýheima þekkingarseturs var á árinu haldinn kynningarfundur um atvinnulífið, regluleg frumkvöðlakaffi bæði á Höfn og í Örafum, grunnnámskeið í gervigreind og viðburðir þar sem íbúum var boðið til samtals við bæjarstjóra. Byggða- og nýsköpunarfulltrúi tók einnig virkan þátt í samstarfsverkefnum með SASS og Nýsköpunarneti Hornafjarðar, auk þess að sitja í stjórn FabLab á Höfn.



Samantekt á lýðfræðiupplýsingum



Vinnufundur með starfsfólki sveitarfélagsins, mynd NM



Stefnan Hornafjörður náttúrulega kynnt, mynd HHR

## Hornafjörður náttúrulega

Vinna að verkefni Hornafjörður náttúrulega hófst árið 2023 og felur hún í sér vinnu að samnefndri heildarstefnu sveitarfélagsins sem byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Aðkoma Nýheima þekkingarseturs að verkefni var með sambærilegum hætti og síðustu ár þar sem þekkingarsetrið fór með verkefnastjórn og vann að verkefni í nánú samstarfi við sviðsstjóra sveitarfélagsins.

Á árinu 2025 var unnið að endurskoðun stefnunnar sem gilti til ársloka. Við endurskoðun hennar unnu sviðsstjórar ítarlega greiningu á verkefnum og markmiðum hvers sviðs, ásamt því að skoða hlutverk sveitarfélagsins í heild. Var það gert með fundum sviðsstjóra og verkefnastjóra með starfsfólki stofnana sveitarfélagsins og á vinnufundum sviðsstjóra. Markmið vinnunnar var að einfalda stefnuna, gera hana skýrari en áður og tengja hana betur við daglegt starf sveitarfélagsins ásamt því að skilgreina nánar hlutverk hvers sviðs í innleiðingu hennar. Stefnan hefur nú þrjár meginstoðir sem eru umhverfi, fólk og þjónusta og hverri þeirra fylgir aðgerðaáætlun, mótuð í sameiginlegri vinnu sviðsstjóra og starfsfólks sveitarfélagsins.

Endurskoðuð stefna var samþykkt í bæjarráði og bæjarstjórn í upphafi árs 2026 og tekur nú við vinnu að kynningu hennar og verkefnum í samræmi við aðgerðaáætlanir.



Fundur samtaka þekkingarsetra á Blöndósi

## Samtök þekkingarsetra

Nýheimar þekkingarsetur er aðili að Samtökum þekkingarsetra, netverki þekkingarsetra á landsbyggðinni sem starfa samkvæmt samningi við ríki. Meðal samningsbundinna verkefna setranna eru rannsóknir og þróun til eflingar byggðar, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem og efling nýsköpunar, atvinnu og samfélagsþróunar. Samtökin hafa þann tilgang að efla samvinnu setranna á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar.

Forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs sótti sjötta ársfund samtakanna sem haldinn var á Blönduósi í ágúst. Hanna María Kristjánsdóttir hjá Þekkingarsetri Suðurnesja var formaður stjórnar fram að ársfundi í ágúst en með henni í stjórn voru Elsa Arnardóttir hjá Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi og Hugufrún Harpa Reynisdóttir hjá Nýheimum þekkingarsetri. Ný stjórn var kjörin á ársfundi, Hörður Baldvinsson hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja tók við stöðu formanns og með honum í stjórn eru Hanna María Kristjánsdóttir hjá Þekkingarsetri Suðurnesja og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir hjá Austurbrú. Þekkingarsetur Vestmannaeyja stendur fyrir næsta ársfundi í ágúst 2026.

## Mat á áhrifum siglinga á Jökulsárlóni

Á vormánuðum vann Nýheimar þekkingarsetur í samstarfi við Náttúrustofu Suðausturlands að verkefni fyrir Náttúruverndarstofnun. Markmið þess var að gera úttekt á athafnasvæði siglingastarfsemi á Jökulsárlóni og rýna nýtingu svæðisins í ljósi verndarmarkmiða. Úttektin náði til ástands og þols náttúru og innviða auk upplifunar gesta. Verkefnið var liður í forathugun vegna fyrirhugaðs útboðs rekstrarleyfa til siglinga á lóninu. Sigrún Inga var verkefnastjóri verkefnisins sem lauk í maí með skilum lokaskýrslu til Náttúruverndarstofnunar.

## Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið

Átjándi ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið verður haldin á Höfn í apríl 2026 og sér Nýheimar þekkingarsetur um viðburðinn. Ráðstefnan er haldin árlega á ólíkum stöðum á landinu. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er *Unga fólk og framtíðin*. Undirbúningur ráðstefnunnar hófst á síðari hluta ársins 2025 og nýtur setrið liðsinnis Þorvarðar Árnasonar hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands við framkvæmdina. Nýheimar þekkingarsetur hefur einu sinni áður haldið ráðstefnuna um íslenska þjóðfélagið, árið 2017. Ráðstefnan er vinsæll vettvangur félags- og hugvísindafólks til að kynna rannsóknir sínar. Fyrirlestrar ráðstefnunnar eru öllum opnir og er heimafólk hvatt til að nýta tækifærið til að hlýða á fjölbreytt erindi í Nýheimum.

## Erlend samstarfsverkefni

Nýheimar þekkingarsetur hefur frá stofnun tekið þátt í töluverðum fjölda alþjóðlegra samstarfsverkefna sem flest hafa verið styrkt af Erasmus+, samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Dýrmæt tækifæri til þekkingaryfirfærslu og verkefnaþróunar hafa fylgt þeim fjölbreyttu verkefnum sem setrið hefur tekið þátt í. Verkefni hafa einnig skilað hagnýtum afurðum sem nýtast setrinu og nærsamfélaginu með ýmsum hætti. Undanfarin ár hefur setrið þó dregið úr þátttöku í slíkum verkefnum og var það aðili að aðeins einni styrkumsókn á árinu þar sem sótt var um styrk til Nordplus fyrir norrænt samstarfsverkefni. Verkefnið, kallað *Future in Focus: Empowering Youth in Rural Communities*, hlaut styrk og segir nánar frá því í næsta kafla.

## Future in Focus: Empowering Youth in Rural Communities

Snemma á árinu fór starfsfólk þekkingarsetursins til Stryn í Noregi til að hitta samstarfsaðila sína hjá Nordfjordkompaniet og Hälslinglands utbildningsförbund sem koma frá Söderhamn í Svíþjóð. Styrkur hafði fengist til undirbúningsfundar og var því meginmarkmið heimsóknarinnar til Stryn að vinna að undirbúningi umsóknar til Nordplus Horizontal Programme um nýtt samstarfsverkefni sem hlaut svo styrk.



Vinnuferð á Íslandi (t.v.), vinnufundur í Noregi (t.h.), myndir NM



Vinnufundur í Noregi

Verkefnið miðar að því að greina þær áskoranir sem ungt fólk stendur frammi fyrir varðandi búsetuval. Lögð er áhersla á að fræða og auka skilning á helstu áhrifaþáttum við búsetuval auk þess að greina mögulegar leiðir til þess að efla og styrkja stöðu ungs fólks í dreifðum byggðum. Mikilvægur liður í verkefninu er að kanna hug ungs fólks og upplifun þess, væntingar og tækifæri til framtíðarinnar í heimabyggð.

Fyrsti staðfundur verkefnisins var haldinn á Höfn í september. Á fundinum unnu samstarfsaðilar einkum að skipulagi verkþátta og lögðu drög að vinnu vetrarins. Seinni hluta árs var unnið að undirbúningi rannsóknarvinnu og þróun aðferða til að safna gögnum um viðhorf og framtíðarsýn ungs fólks. Næsti staðfundur verkefnisins verður haldinn í maí 2026 í Svíþjóð. Þar munu samstarfsaðilar kynna fyrstu niðurstöður úr rannsóknarvinnu og halda áfram að þróa fræðsluefni og aðrar afurðir verkefnisins. Verkefnið er til tveggja ára og lýkur á árinu 2027. Helstu niðurstöður þess verða birtar í heildarskýrslu ásamt stuttum samantektum á íslensku, norsku og sænsku. Verkefnastjórar Nýheima þekkingarseturs í verkefninu eru Hugrún Harpa og Nejra.

## EPALE Community Conference 2025

Í október var EPALE Community Conference haldin í Brussel. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Passages – A journey through adult learning* og markaði 10 ára afmæli EPALE, evrópska samstarfsvettvangsins fyrir fullorðinsfræðslu. Á ráðstefnunni komu saman fulltrúar frá fjölmörgum Evrópulöndum til að ræða málefni fullorðinsfræðslu og símenntunar í Evrópu. Dagskrá ráðstefnunnar byggði á þremur meginþemum: grunnfærni sem undirstaða símenntunar, gervigreind og umbreyting námsumhverfisins og þróun framtíðarfærni í ljósi breyttra samfélags- og atvinnuhátta.

Nýheimum þekkingarsetri var boðin þátttaka í ráðstefnunni og hlaut setrið styrk til ferðarinnar frá Rannís. Með þátttöku í ráðstefnunni styrkti setrið enn frekar tengsl við evrópskt samstarfsnet á sviði símenntunar sem eykur möguleika á alþjóðlegum verkefnum í framtíðinni. Nejra sótti ráðstefnuna sem fulltrúi setursins. Tók hún meðal annars þátt í vinnustofu um gervigreind og námsumhverfi framtíðarinnar þar sem rætt var um hvernig gervigreind getur bæði stutt og ógnað námi, og hvaða færni fullorðnir nemendur þurfa að þróa til að nýta tækni á ábyrgan og gagnlegan hátt.




Ráðstefna í Brussel, mynd NM

## Fjárhagur

ECIT á Íslandi annast bókhalds- og launavinnslu auk reikningskila og skattskila fyrir Nýheima þekkingarsetur. KPMG annast könnun og endurskoðun. Samkvæmt ársreikningi Nýheima þekkingarseturs fyrir árið 2025 námu rekstrartekjur 77,8 millj. króna. Rekstrarniðurstaða setursins var jákvæð um 10,4 millj. króna og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé setursins. Opinber framlög frá ríki námu rúmum 37,8 millj. króna samkvæmt ársreikningi. Framlög frá SASS vegna samstarfssamnings námu rúmum 7,9 millj. króna og framlög Sveitarfélagsins Hornafjarðar tæpum 3,5 millj. króna. Tekjur af styrkjum úr verkefnasjóðum og aðrar tekjur námu samtals rúmum 28,5 millj. króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir setursins rúmum 33,7 millj. króna og bókfært eigið fé í árslok var rúmar 29,9 millj. króna.


Nánari upplýsingar um fjárhag setursins má finna í ársreikningi þess.

### Tekjur 2025



■ Opinber framlög MNH ■ Framlög SASS ■ Styrkir og framlög ■ Framlög SVH

### Gjöld 2025



■ Laun og launatengd gjöld ■ Verkefnakostnaður ■ Annar rekstrarkostnaður



[www.nyheimar.is](http://www.nyheimar.is)